



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 22/2014 **um ólögmett framsal og óheimila notkun á númerum IceCell ehf.**

I. **Upphaf máls**

Þann 30. apríl 2014 barst Póst- og fjarskiptastofnun ábending um að farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX, sem úthlutaðar voru til IceCell ehf., kt. 420407-0330, hafi með tilkynningu til valdra aðila innan GSMA (fr. Groupe Speciale Mobile Association) verið færðar yfir á nafn og kennitölu iCell ehf., kt. 540710-1200. Átti þetta jafnframt við um talsímanúmeraröðina 536 XXXX sem auk þess var tilkynnt fyrir farsímaþjónustu. Í samskiptum stofnunarinnar við Andreas Fink, fyrirsvarsmann iCell ehf. (hér eftir nefndur fyrirsvarsmáður) var staðfest að umræddur gerningur hafi átt sér stað, auk þess sem stofnunin hefur í sínum forum útfyllt tilkynningareyðublað þar að lútandi.

II. **Málavextir**

Upphaf þessa máls má rekja til þess að fjarskiptafyrirtækið IceCell ehf. tók þátt í útboði sem Póst- og fjarskiptastofnun efndi til sumarið 2007 um úthlutun á tíðniheimildum til að veita farsímaþjónustu á 1800 MHz tíðnisviðinu. Var IceCell ehf. eitt af þeim fyrirtækjum sem bauð best og fékk í framhaldinu úthlutaða tíðniheimild þann 27. júní 2007. Var sú tíðniheimild bundin tilteknum skilyrðum um uppbyggingu á fjarskiptaneti og útbreiðslu á fjarskiptaþjónustu í samræmi við skuldbindandi boð félagsins. Vegna vanefnda félagsins við að efna skuldbindingar sínar samkvæmt skilyrðum tíðniheimildarinnar var hún afturkölluð með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 5/2010 frá 11. mars 2010.

Vegna fyrirhugaðrar farsímaþjónustu IceCell ehf. sótti fyrirtækið um að fá úthlutað númerum og kóðum sem var úthlutað með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 11. júlí 2007. Vegna fjárhagslegra erfiðleika IceCell ehf., sem leiddu m.a. til þess að fyrirtækið gat ekki staðið við uppbyggingarskuldbindingar sínar og tíðniheimild þess afturkölluð, kom til dráttur á því að fyrirtækið greiddi tíðnigjöld, en það eru opinber gjöld sem lögð eru á umráða- og nýtingarétt yfir tíðnum í íslenska tíðniskipulaginu. Þannig voru til staðar vanskil á opinberum gjöldum þegar IceCell ehf. var í þrotameðferð á árinu 2010. Í samskiptum við lögmann sem stýrði þrotameðferðinni var fyrirtækið spurt hvort það hygðist greiða vangoldin númeragjöld eða

skila tilbaka númeraréttindum sem félagið hefði umráð yfir. Í svari lögmannsins, samkvæmt tölvupósti dags. 13. nóvember 2010, sagði eftirfarandi: „[Þrotabú] Icecell getur ekki greitt þessa reikninga eins og staðan er núna. Eg get því ekki farið fram á að þessu verði haldið til handa þrotabúinu.“

Var það því skilningur Póst- og fjarskiptastofnunar að IceCell ehf. hefði kosið að skila áðurtilgreindum númerum til stofnunarinnar í stað þess að greiða vangoldin gjöld fyrir notkun þeirra. Með tilliti til þessa voru því ekki gefnir út reikningar fyrir notkun á númerum og kóðum eftir árið 2010. Hins vegar var skráningu í númeraskipulaginu, sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar, ekki breytt til samræmis við þessa stöðu. Þannig voru umræddar númeraraðir áfram skráðar á nafn IceCell ehf. í númeraskipulaginu.

Samkvæmt upplýsingum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú aflað lauk þrotameðferð á fyrirtækinu IceCell ehf. á þann veg að allar kröfur voru afturkallaðar og félagið aftur afhent fyrirvarsmanni þess, Andreas Fink, til frjálsra umráða. Í tilfelli krafna Póst- og fjarskiptastofnunar að þá var þeim að hluta til skuldajafnað við inneign félagsins á virðisaukaskatti, án þess að stofnuninni hafi verið tilkynnt sérstaklega um það. Póst- og fjarskiptastofnun kannast á hinn bóginn ekki við það að hafa afturkallað eða gefið eftir einhverjar fjárkröfur á hendur IceCell ehf. Þrátt fyrir þessi vanskil kemur fram í samskiptum við umræddan fyrirvarsmann félagsins, að hann telji að umræddar númeraraðir og kóðar séu enn í umráðum félagsins með vísan til þess að skráningu í númeraskipulagi Póst- og fjarskiptastofnunar hafi ekki verið breytt.

Þann 30. apríl s.l. berst Póst- og fjarskiptastofnun ábending þess efnis að farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX, auk fastanetsraðarinnar 536 XXXX, sem stofnunin taldi að fjarskiptafyrirtækið IceCell ehf., kt. 420407-0330, hefði skilað stofnuninni, samkvæmt upplýsingum frá skiptastjóra félagsins frá árinu 2010, hefðu verið færðar yfir á nafn og kennitölu iCell ehf., kt. 540710-1200, með tilkynningu til valdra aðila innan GSMA þar að lútandi.

Þá gerist það hinn 11. september s.l. að Póst- og fjarskiptastofnun berst aftur ábending um það að framangreindum númerum og kóðum, sem úthlutað hafði verið á nafn og kennitölu IceCell ehf., hafi nú með tilkynningu til valdra aðila innan GSMA verið flutt frá iCell ehf. yfir á nafn og kennitölu fyrirtækisins SMSRelay AG sem hefur aðsetur í Sviss. Með ábendingunni fylgdu tilkynningareyðublöðin sem send voru á aðila innan GSMA.

III. Bréfaskipti og sjónarmið

1.

Í ljósi framangreinds taldi Póst- og fjarskiptastofnun það vera hæpið að framsal á númerum og kóðum frá IceCell ehf., kt. 420407-0330, yfir á nafn og kennitölu iCell, kt. 540710-1200, stæðist 2. mgr. 7. gr. laga um fjarskipt nr. 81/2003, en samkvæmt því eru númer bundin við nafn og kennitölu þess aðila sem fær þau úthlutað og er framsal óheimilt. Auk þessa taldi Póst- og fjarskiptastofnun álitmál hvort notkun á númerunum, samkvæmt framsalstilkynningunni, samrýmdist skilmálum um notkun númera, sem sett eru á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laganna.

Af þessu tilefni ritaði Póst- og fjarskiptastofnun fyrirvarsmanni IceCell ehf. bréf, dags. 13. júní 2014, þar sem honum var gerð grein fyrir lagaumhverfi hvað varðar úthlutun og notkun númera. Enn fremur, þar sem meint brot á fjarskiptalögum teldist alvarlegt, að stofnunin hefði í hyggju að afturkalla umrædd númer og kóða. Þá var jafnframt upplýst um uppsöfnuð vanskil IceCell ehf. á greiðslu lögboðinna númeragjalda, sem jafnframt gæti orðið grundvöllur afturköllunar yrðu þau ekki greidd innan tilgreinds gjalddaga.

Með tilliti til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafði ekki orðið vör við að einhver fjarskiptastarfsemi væri rekin á vegum IceCell ehf. taldi stofnunin jafnframt nauðsynlegt að afla tiltekinna upplýsinga þar að lútandi. Var því eftirfarandi spurningum beint til fyrirvarsmanns IceCell ehf:

- a. Á IceCell ehf. eða hefur til umráða símsstöð fyrir farsímaþjónustu og/eða talsímaþjónustu sem staðsett er á Íslandi? Ef svo er að þá er þess óskað að staðsetning símsstöðvarinnar sé nákvæmlega tilgreind og upplýsingar veittar um tegund símsstöðvarinnar og framleiðslunúmer hennar.
- b. Hefur IceCell ehf. gert einhverja samtengisamninga við önnur fjarskiptafyrirtæki? Ef svo er óskast jafnframt upplýsingar um hvort þeir samningar séu enn í gildi.
- c. Hver er fjöldi áskrifenda eða notenda sem IceCell ehf. hefur úthlutað númerum til í hverri númeraröð fyrir sig, þ.e. 652 XXXX og 642 XXXX fyrir farsíma og 536 XXXX fyrir talsíma?
- d. Hver er fjöldi mínútna vegna lúkningar símtala, annars vegar í farsímaneti og hins vegar talsímaneti? Þess er óskað að veittar séu upplýsingar fyrir árin 2010-2013.
- e. Býður IceCell ehf. upp á númeraflutning?
- f. Er IceCell ehf. aðili að Hinu íslenska númerafélagi (HÍN)? Ef ekki – hvaða ferlar gilda um númeraflutning hjá félaginu? Séu ferlar til staðar er þess óskað að þeir séu afhentir stofnuninni.

Var þess óskað að umbeðnar upplýsingar og hugsanlegar athugasemdir við lagaskilning og boðaða ákvörðun yrðu sendar Póst- og fjarskiptastofnun fyrir 21. júlí 2014.

Framangreint bréf Póst- og fjarskiptastofnunar var áréttað og sent með tölvupósti þann 20. júní 2014.

2.

Þann 20. júní 2014 berst Póst- og fjarskiptastofnun svar í tölvupósti frá fyrirvarsmanni IceCell ehf. þar sem hann kveðst vilja ræða við stofnunina um efni bréfs hennar, enda geti hann ekki séð að hann hafi gert neitt rangt. Kom fram að hann yrði á landinu í byrjun júlí og myndi þá gjarnan vilja eiga fund með stofnuninni.

Í ljósi sumarleyfa og annarra verkefna hjá Póst- og fjarskiptastofnun var ljóst að viðeigandi starfsmenn hennar hefðu ekki tök á því að hitta fyrirvarsmann IceCell ehf. nema annan hvorn daginn 8. eða 9. júlí. Með svari til fyrirvarsmanns IceCell ehf., sbr. tölvupóst dags. 23. júní

2014, var honum boðið að velja annan hvorn daginn til að funda með stofnuninni. Í svari fyrirvarsmannsins sem barst síðar þann dag samþykkti hann tilhögun Póst- og fjarskiptastofnunar og kvaðst myndi reyna að mæta annað hvort 8. eða 9. júlí til að funda með stofnuninni og leysa málið.

3.

Þann 9. júlí 2014 fær forstöðumaður lögfræðideildar símtal frá Skarphéðni Péturssyni hrl., f.h. umbjóðanda hans IceCell ehf., þar sem tilkynnt er um forföll fyrirvarsmanns fyrirtækisins á fund með stofnuninni út af þessu máli. Jafnframt upplýsti hann að enn stæði þó vilji til þess að ná sátt við stofnunina um að flytja umrædd númer og kóða yfir á nafn og kennitölu iCell ehf. Í þessu skyni var óskað eftir því að fá annað tækifæri til fundar upp úr miðjum ágúst, þegar vænta mætti þess að sumarleyfi væru að mestu yfirstaðin. Af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar var það samþykkt að veita annað tækifæri til fundar á umræddu tímabili gegn því skilyrði að ekki yrði um neina breytta eða umfangsmikla notkun á númerum IceCell ehf. fram til þess tíma, sem var samþykkt af lögmanninum.

Þar sem að IceCell ehf. hafði ekki samband við Póst- og fjarskiptastofnun upp úr miðjum ágúst og engin frekari gögn eða skýringar höfðu borist frá lögmanni IceCell ehf. taldi stofnunin rétt að vekja málið aftur upp. Jafnframt að setja ákveðinn frest varðandi tækifæri fyrirtækisins til þess að funda með stofnuninni. Í þessum tilgangi sendi Póst- og fjarskiptastofnun tölvupóst, dags. 27. ágúst 2014, til umrædds lögmanns IceCell ehf. þar sem vísað var til fyrri samskipta og tilkynnt að nauðsynlegt væri að fá botn í það hvort IceCell ehf. hygðist funda með stofnuninni. Með tilliti til þessa var Icecell ehf. veittur frestur fram 12. september s.l. til þess að tilgreina fundartíma að eigin vali á tímabilinu 15.-19. september 2014, eða ella skila inn athugasemdom við fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar, sem boðuð hafði verið með bréfi frá 13. júní 2014, innan þess sama frest eða til 12. september s.l.

4.

Í tengslum við þá ábendingu sem Póst- og fjarskiptastofnun barst þann 11. september s.l., um að tilkynnt hefði verið til valdra aðila innan GSMA um flutning á númerum og kóðum, sem upphaflega var úthlutað til IceCell ehf., frá iCell ehf. og nú til fyrirtækis að nafni SMSRelay AG með aðsetur í Sviss, var haft samband við fyrirvarsmann IceCell ehf. í tölvupósti og honum tilkynnt að Póst- og fjarskiptastofnun teldi þennan gerning ólöglegan.

Í svarpósti frá fyrirvarsmanni IceCell ehf. þann sama dag kveðst hann hafa sent Póst- og fjarskiptastofnun útskýringar um tilgang þess að flytja númerin yfir á nafn og kennitölu SMSRelay AG. Póst- og fjarskiptastofnun kannast ekki við að hafa fengið sendar þessar skýringar, en þær bærust stofnuninni í tölvupósti stuttu síðar þann sama dag. Verður gerð grein fyrir efni útskýringa fyrirvarsmanns IceCell ehf. hér að neðan.

Í öðrum tölvupósti sama dags er því hafnað af hálfu fyrirvarsmanns IceCell ehf. að flutningur á númerum og kóðum til annars lögaðila feli í sér brot á fjarskiptalögum. Telur Póst- og fjarskiptastofnun vera tilefni til þess að vísa orðrétt til röksemda fyrirvarsmanns IceCell ehf. þar að lútandi:

“If company A lease a resource to company B is considered illegal, then any MVNO would be legal because the same applies there. Following your logic, you would have to close down TAL, you would have to disallow Vodafone sharing spectrum with Nova etc. I dont see anything illegal here.

Never the less we want it to be properly transferred, We discussed this already and we have sent you now clarifications to why we need numbers etc. There's nothing illegal in this. Its normal business and practice as usual and its in no way affecting the other icelandic operators except that they might get more business because of us.”

Þótt útskýringar fyrirvarsmanns IceCell ehf. um viðskiptalegar ástæður þess að fyrirtækið taldi þörf á því að flytja númer og kóða, sem úthlutað hafði verið til IceCell ehf., koma efni þessa máls ekki við með beinum hætti telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að gera grein fyrir þeim í stuttu máli, samkvæmt framsetningu fyrirvarsmannsins, sbr. eftirfarandi:

Tilgangur 1.

[...]¹

Tilgangur 2.

[...]²

Tilgangur 3.

[...]³

Tilgangur 4.

[...]⁴

IV.

Lagaumhverfi og forsendur

4.1. Bann við framsali réttinda

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 81/2003 eru réttindi til notkunar á tíðnum og númerum bundin við nafn og kennitölu þess einstaklings eða lögaðila, sem fengið hefur úthlutað slíkum réttindum, og er framsal réttindanna bönnuð. Í þessu samhengi skiptir engu máli hvort tilteknir lögaðilar, þ.e. þess sem framselur réttindi og hins sem móttækur þau, séu í eigu sama einstaklings. Það sést best á því að sérstakar reglur gilda um meðferð tíðni- og númeraréttinda við skiptingu fyrirtækja innan sömu samstæðu, sbr. 8. gr. laganna, en framsal réttinda á milli systurfyrirtækja er háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Hér er ekki um að ræða skiptingu fyrirtækja innan sömu samstæðu og hefur stofnuninni ekki borist nein tilkynning um skiptingu né samþykkt yfirfærslu réttinda yfir á nafn og kennitölu iCell ehf. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar felur því tilkynning IceCell ehf. til aðila innan GSMA um skráningu á umræddum númeraröðum yfir á nafn og kennitölu iCell ehf. í sér brot gegn 2. mgr. 7. gr. fjarskiptalaga.

4.2. Skilyrði fyrir úthlutun og notkun númera

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að binda notkun númera tilteknum skilyrðum. Eru slík skilyrði m.a. sett til að tryggja rétta og eðlilega notkun númerana, svo og til að gæta að jafnri samkeppnisstöðu aðila sem fengið hafa úthlutað númerum.

¹ Afmáð vegna trúnaðar.

² Afmáð vegna trúnaðar.

³ Afmáð vegna trúnaðar.

⁴ Afmáð vegna trúnaðar.

Í úthlutunarbréfi til IceCell ehf., dags. 11. júlí 2007, er númerum fyrir farsímaþjónustu og talsímaþjónustu úthlutað með tilteknum skilyrðum:

Farsímaþjónusta

- a. Númerin skal eingöngu nota fyrir farsímaþjónustu
- b. Númerin séu eingöngu til nota í fjarskiptaþjónustu sem rekin er á Íslandi
- c. Að notkun númeranna sé skilvirk og nýtin
- d. Að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar
- e. Að leyfishafi greiði afnotagjöld
- f. Að boðið sé upp á númeraflutning

Talsímaþjónusta

- a. Númerin skal eingöngu nota fyrir almenna talsímaþjónustu
- b. Númerin séu eingöngu til nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi
- c. Að notkun númeranna sé skilvirk og nýtin og standi öllum símnotendum á Íslandi til boða
- d. Að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar
- e. Að boðið sé upp á númeraflutning
- f. Að leyfishafi greiði afnotagjöld

Með því að tilkynna til valdra aðila innan GSMA að fastanetsnúmeraröðin 536 XXXX væri tekin til notkunar fyrir farsímaþjónustu telur Póst- og fjarskiptastofnun að IceCell ehf. hafi brotið gegn a.- lið þeirra skilyrða sem gilda um úthlutun númera fyrir talsímaþjónustu, sem segir að notkun númeranna skuli bundin við talsímaþjónustu.

Þá liggur fyrir að IceCell ehf. hafi ekki greitt afnotagjöld af númerunum frá árinu 2010, þótt að félaginu hafi verið það fullljóst, bæði vegna greiðsluseðla sem því höfðu borist frá úthlutun á árinu 2007 til ársins 2010, auk skilmála e.-liðar um úthlutun farsímanúmera og f.-liðar um úthlutun talsímanúmera, að félaginu bæri að greiða lögboðin afnotagjöld. Með því að telja sig hafa umráð og nýtingarrétt yfir áður tilgreindum númeraröðum án þess að greiða afnotagjöld, en útsending greiðsluseðla var hætt þegar félagið fór í þrotameðferð og stofnunin taldi að félagið hefði skilað númerunum, telur Póst- og fjarskiptastofnun að IceCell ehf. hafi brotið skilmála e.-liðar um úthlutun farsímanúmera og f.-liðar um úthlutun talsímanúmera.

Þá er Póst- og fjarskiptastofnun í vafa um hvort númerin, sem IceCell ehf. fékk úthlutað, séu eingöngu til nota í fjarskiptaþjónustu sem rekin er á Íslandi, sbr. skilmála b.-liða úthlutunarbréfsins, að notkun númeranna sé skilvirk og nýtin, sbr. skilmála c.-liða úthlutunarbréfsins, að boðið sé upp á númeraflutning í umræddum númeraröðum, sbr. skilmála f.-liðar í úthlutun farsímanúmera og e.-liðar í úthlutun talsímanúmera. Engin svör hafa borist frá Icecell ehf. við spurningum Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. bréf dags. 13. júní 2014, sem varpa áttu ljósi á þetta.

4.3. Greiðsla númeragjalda

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan lenti IceCell ehf. í fjárhagserfiðleikum á árinu 2010 sem leiddi til þess að félagið var tekið til þrotameðferðar. Í samskiptum við skiptastjóra þrotabúsins kom fram að þrotabúið treysti sér ekki til þess að greiða vangoldin númeragjöld og gæti því ekki staðið á því að halda þessum réttindum til haga innan búsins. Í ljósi þess að félagið var í slitameðferð og á leið í gjaldþrot, sem hefði þýtt að réttindin hefðu

sjálfkrafa gengið til baka til Póst- og fjarskiptastofnunar, voru réttindin ekki afturkölluð með formlegum hætti. Þar sem að ekki hafði verið greitt fyrir númeraréttindin og félagið stefndi í gjaldþrot leit Póst- og fjarskiptastofnun svo á að réttindin hefðu runnið aftur til stofnunarinnar og því ekki gefnir út greiðsluseðlar í framhaldi af því, þ.e. fyrir árin 2011-2013. Atburðarrásin atvikaðist síðan á þann veg að allar kröfur á hendur þrotabúi IceCell ehf. voru afturkallaðar og félagið aftur skilað til eiganda og fyrirvarsmanns síns. Kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar var á hinn bóginn skuldajafnað, að hluta til, við inneign IceCell ehf. á virðisaukaskatti.

Þá bregður svo við að fyrirvarsmaður IceCell ehf. telur sig njóta nýtingar- og umráðaréttar yfir þeim númeröðum, sem áður hafa verið tilgreindar. Vísar hann til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki breytt skráningu á úthlutun númeranna í númeraskipulagi sínu sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.

Þessi afstaða fyrirvarsmanns IceCell ehf. kemur Póst- og fjarskiptastofnun í opna skjöldu. Engin merkjanleg fjarskiptastarfsemi hefur verið rekin á vegum IceCell ehf. frá árinu 2010, ekki hefur verið kallað eftir tölfræðiupplýsingum um starfsemi félagsins og ekki gefnir út greiðsluseðlar vegna rekstrargjalda og númeragjalda frá þeim tíma. Telur Póst- og fjarskiptastofnun að fyrirvarsmanni IceCell ehf. hafi átt að vera það fulljóst að félagið ætti ekki tilkall til nýtingar á umræddum númerum og kóðum og að eftirlitsstjórnvaldið liti ekki svo á að félagið ræki fjarskiptastarfsemi hér á landi, enda hefði þá starfsemin verið rekin í tómarúmi eftirlitsleysis á umræddum tíma. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar getur fyrirvarsmaður IceCell ehf. því ekki hafa verið í góðri trú um að hafa notkunar- og umráðarétt yfir þau númer sem hér um ræðir, án þess að greiða af þeim lögboðin afnotagjöld frá árinu 2010.

Engu að síður, að teknu tilliti til sjónarmiða um meðalhóf, auk þess sem ekki var gengið formlega frá afturköllun réttindanna á sínum tíma, er Póst- og fjarskiptastofnun tilbúin til þess að fallast á að númerin séu ennþá í umráðum IceCell ehf. Umráðaréttur yfir umræddum númeraréttindum í dag þýðir á hinn bóginn að Póst- og fjarskiptastofnun gerir kröfu til greiðslu afnotagjalda fyrir þau innan þeirra marka sem lög nr. 150/2007 um fyrningarfrest kröfuréttinda leyfa, þ.e. fjögur ár aftur í tíman í samræmi við almennan fyrningartíma kröfuréttinda samkvæmt 3. gr. laganna. Samkvæmt þessu voru því gefnir út reikningar, sem fylgdu bréfinu frá 13. júní 2014, til greiðslu á númeragjöldum fyrir árin 2010-2013 að upphæð samtals [... kr.]⁵, , með gjalddaga þann 21. júlí 2014.

Þegar þessi ákvörðun er tekin hafa umrædd númeragjöld enn ekki verið innt af hendi, en það er í andstöðu við skilmála úthlutunarbréfs númeranna og ákvæði laga.

V.

Afstaða PFS til sjónarmiða IceCell ehf.

5.1. Ekki um framsal að ræða

Í athugasemdum IceCell ehf. kemur fram að þegar um er að ræða leigu á númerum frá einu fjarskiptafyrirtækis til annars feli það ekki í sér eiginlegt framsal. Þetta sjónarmið getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á. Samkvæmt skýru orðalagi lokamálsliðar 2. mgr. 7. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 kemur fram að númeraréttindi séu bundin við nafn þess sem fær þau úthlutað og er framsal þeirra óheimilt. Ef númeraröð er leigð og skráð á nafn annars fjarskiptafyrirtækis eru þau ekki lengur bundin við nafn og kennitölu þess fyrirtækis sem fékk

⁵ Afmáð vegna trúnaðar.

henni úthlutað. Til áréttingar á þessu er sérstaklega tekið fram að framsal sé óheimilt, en þar undir fellur jafnframt óbeint framsal svo sem leiga eða lán númera. Í því tilviki sem hér um ræðir er um að ræða ótvírætt framsal, en í tilkynningu til valinna aðila innan GSMA, um að númerin tilheyri iCell ehf., felst að það fyrirtæki fari með fullt forræði yfir númerinum og að öðrum fjarskiptafyrirtækjum sé skylt að greiða því gjöld ef símtali frá viðskiptavini þeirra er lokið í umræddum númerum, s.k. lúkningargjöld.

Til stuðnings sjónarmiði sínu að ekki sé um að ræða framsal vísar IceCell til stöðu Tals sem sýndarnetsaðila á farsímaneti Símans hf. (e. MVNO aðili). Telur fyrirsvarsmaður IceCell ehf. að ef að slíkt fyrirkomulag leyfist að þá hljóti leiga á númerum einnig að vera leyfileg. Hér er um misskilning að ræða hjá IceCell ehf. Starfsemi Tals sem sýndarnetsaðili á farsímaneti Símans hf. hefur ekkert að gera með leigu eða á framsali á númerum, enda er Tal skráður rétthafi að þeim númerum sem það veitir þjónustu í. Því er ekki um það að ræða að Tal sé að nota númer Símans hf.

5.2. Samnýting í líkingu við samnýtingu tíðna

Þá vísar IceCell ehf. jafnframt til samstarfs Vodafone og Nova um uppbyggingu á sameiginlegu dreifikerfi fyrir 4G þjónustu og samnýtingu tíðna sem fordæmis fyrir lögmæti þess að leigja númer frá einu fjarskiptafyrirtækis til annars.

Hér er ekki um sambærileg eða hliðstæð tilvik að ræða. Í tilviki Vodafone og Nova er ætlunin að stofna sérstakt fyrirtæki um uppbyggingu og rekstur á radíóhluta farsímanetsins. Hvoru fyrirtæki fyrir sig er heimilt að samnýta tíðniheimild hvors annars, eins og um reiki væri að ræða, en reynt getur á slíkt við álag á farsímasendum, magni og hraða þess gagnaflutnings sem um ræðir. Hvort félag fyrir sig heldur sínum tíðniheimildum á eigin nafni og fer lúkning símtala og rekstur uppgjörs- og greiðslukerfa fram sjálfstætt í hvoru fyrirtæki fyrir sig. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar því að umrætt samstarf geti verið fordæmi fyrir lögmætu framsali númera.

5.3. Viðskiptaáform að baki aðgerðinni

Fyrirsvarsmaður IceCell ehf. hefur gert grein fyrir þeim viðskiptaáformum sem bjuggu að baki því að tilkynna um skráningu á númerum félagsins yfir á nafn og kennitölu annars fyrirtækis. Póst- og fjarskiptastofnun leggur ekki mat á þessi viðskiptaáform, en útilokar ekki að þau kunni að hafa verið fjárhagslegur hvati fyrir aðgerðinni. Ljóst er á hinn bóginn að umrædd viðskiptaáform hvorki réttlæta brot á fjarskiptalögum, né hafa þýðingu við túlkun á banni við framsal réttinda samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna.

VI. Niðurstaða

6.1. Samandregin niðurstaða

Samkvæmt gögnum þessa máls barst Póst- og fjarskiptastofnun ábending um það þann 30. apríl 2014 að tilkynning hefði verið send valdra aðila innan GSMA um að farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX, sem úthlutaðar voru til IceCell ehf., kt. 420407-0330, hafi verið færðar yfir á nafn og kennitölu iCell ehf., kt. 540710-1200. Átti þetta jafnframt við um talsímanúmeraröðina 536 XXXX sem auk þess var tilkynnt fyrir farsímaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur auk þess í fórum sínum afrit af umræddri tilkynningu. Þessi ráðstöfun hefur ekki verið vefngd af fyrirvarsmanni IceCell ehf., heldur hefur hann þvert á móti staðhæft að félagið sé í fullum rétti hvað þetta varðar. Virðist sú staðhæfing byggjast á því að leiga eða lán til annars fjarskiptafyrirtækis á úthlutuðum

númerum IceCell ehf. feli ekki í sér framsal á umræddum réttindum. Þessu sjónarmiði er hafnað af Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem umrædd tilkynning fól í sér að uppgjör lúkningagjalda, vegna samtengingar við önnur fjarskiptafyrirtæki innan GSMA, skyldu beinast að iCell ehf., en ekki til þess fyrirtækis sem er skráð fyrir númerum, þ.e. IceCell ehf. Tilkynning um skráningu réttthafa á tilteknum númeraröðum innan GSMA felur í sér fullt forræði þess aðila á rekstri og fjárhagslegum ávinningi af nýtingu númeranna. Í þessu sambandi skiptir engu máli hvort þessi tvö fyrirtæki séu í eigu sama einstaklings, enda er númerunum úthlutað til skráðs fjarskiptafyrirtækis, en ekki til einstaklings. Þá er ljóst að tilkynningin fól í sér breytta notkun á númeraröðinni 536 XXXX sem ekki samrýmist skilmála um notkun hennar. Jafnframt liggur fyrir að IceCell ehf. hefur ekki greitt afnotagjöld af umræddum númerum síðast liðin ár, en í því felast einnig brot á skilmálum úthlutunarbréfs og ákvæðum laga.

Þau viðskiptaáform sem búa að baki fyrirætlunum um að flytja númerin frá IceCell ehf. og yfir á nafn og kennitölu iCell ehf., en síðan frá því fyrirtæki yfir á svissneska fyrirtækið SMSRelay AG, sbr. umfjöllun í 4. lið í kafla III., geta skipt máli hvað varðar fjárhagslegan hvata að baki ráðstöfuninni, en breyta í engu um ólögmati hennar samkvæmt fjarskiptalögum.

Að öllu framangreindu virtu telur Póst- og fjarskiptastofnun að IceCell ehf., kt. 420407-0330, hafi brotið alvarlega gegn lögum um fjarskipti nr. 81/2003 með því að framselja tiltekin númeraréttindi til fjarskiptafyrirtækisins iCell ehf. kt. 540710-1200. Í fyrsta lagi varðar ólögmett framsal númera og kóða brot gegn 2. mgr. 7. gr. laganna. Í öðru lagi felur tilkynning, um að nota eigi talsímanúmer fyrir farsímaþjónustu, í sér brot gegn a.- lið skilmála í úthlutunarbréfi fyrir talsímanúmer, sbr. 2. mgr. 10. gr. lagaanna. Í þriðja lagi varða vangoldin númergjöld að upphæð [...kr.]⁶ brot gegn skilmála e.-liðar um úthlutun farsímanúmera og f.-liðar um úthlutun talsímanúmera, dags. 11. júlí 2007, sbr. 2. mgr. 10. gr. lagaanna, auk þess sem það brýtur gegn 3. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

6.2. Afturköllun á númerum og kóðum

Í ljósi alvarleika framangreindra brota telur Póst- og fjarskiptastofnun óhjákvæmilegt annað en að afturkalla öll númeraréttindi IceCell ehf., eins og boðað var í bréfi stofnunarinnar frá 13. júní 2014. Um er að ræða farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX og talsímanúmeraröðina 536 XXXX, auk þeirra kóða sem úthlutað var til IceCell ehf. með bréfi dags. 11. júlí 2007. Byggist afturköllun þessi á heimild í 5. mgr. 73. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Þá hefur það jafnframt þýðingu við beitingu þessa úrræðis að IceCell ehf. hefur ekki svarað þeim spurningum um nýtingu númeranna og starfsemi félagsins hér á landi, sem lúta að því hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir úthlutun og notkun númeranna, skv. úthlutunarbréfi dags. 11. júlí 2007.

6.3. Kæra til lögreglu og möguleg afskráning IceCell ehf. og iCell ehf.

Það fellur fyrir utan ákvörðun þessa að taka beina afstöðu til þeirrar aðgerðar fyrirvarsmanns iCell ehf. að flytja númer, sem skráð eru á IceCell ehf., yfir á svissneska fyrirtækið SMSRelay AG. Af þessari ákvörðun leiðir hins vegar að iCell ehf. hafði engan rétt til númeranna, auk þess sem tilkynning til aðila innan GSMA, um breytta skráningu réttthafa númera felur í sér ólögmett framsal númera. Aðgerð iCell ehf. um að flytja númerin yfir til svissneska félagsins

⁶ Afmáð vegna trúnaðar.

SMSRelay AG kom til eftir að Póst- og fjarskiptastofnun var búin að boða þá afstöðu sína formlega, sbr. bréf frá 13. júní 2014, að aðgerð IceCell ehf. um skráningu númeranna á nafn og kennitölu iCell ehf. væri ólögmat. Andreas Fink, sem er fyrirsvarsmaður IceCell ehf. og fyrirtækisins iCell ehf., gat því ekki með nokkru móti verið í góðri trú um að heimilt væri að flytja númerin til svissneska fyrirtækisins SMSRelay AG. Umrætt fyrirtæki er ekki skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og uppfyllir því ekki einu sinni grunnskilyrði til þess að fá úthlutað íslenskum númerum samkvæmt reglum nr. 450/2008 um skipulag og úthlutun númera.

Póst- og fjarskiptastofnun telur það grafalvarlegt mál þegar fjarskiptafyrirtæki brýtur fjarskiptalög, að því er virðist, af ásetningi og meðvitandi um álit Póst- og fjarskiptastofnunar þar að lútandi. Einkum er það alvarlegt þegar brot lýtur að ráðstöfun takmarkaðra auðlinda á borð við númer og tíðnir, sem teljast til grunnstoða fjarskiptaþjónustu og leika lykilhlutverki í samskiptum fjarskiptafyrirtækja um heim allan. Sé ekki farið með þessi réttindi í samræmi við lög og reglur, sem m.a. er ætlað að fyrirbyggja svikastarfsemi, getur það dregið úr nauðsynlegu trausti sem ríkja þarf á milli aðila og skaðað orðspor ríkis með alvarlegum afleiðingum fyrir fjarskiptamarkaðinn í viðkomandi ríki.

Hér er því um að ræða ólögmat athæfi fyrirsvarsmanns IceCell ehf. og iCell ehf. sem varðað getur við viðurlög samkvæmt 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Með tilliti til alvarleika málsins, auk þess sem brotið virðist hafa verið framið ítrekað og af ásetningi, telur Póst- og fjarskiptastofnun óhjákvæmilegt annað en að leggja fram kæru á hendur Andreas Fink til lögreglu um tiltekin brot á fjarskiptalögum. Þá mun Póst- og fjarskiptastofnun jafnframt taka það til gaumgæfilegrar skoðunar hvort ástæða sé til þess að afskrá umrædd félög hér á landi, sbr. 5. mgr. 74. gr. fjarskiptalaga, en slíkt er ígildi starfsleyfissviptingar.

Ákvörðunarorð

IceCell ehf., kt. 420407-0330 braut gegn 2. mgr. 7. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 með því að framselja farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX og talsímanúmeraröðina 536 XXXX, auk tiltekinna netkóða, til fjarskiptafyrirtækisins iCell ehf., kt. 540710-1200.

IceCell ehf., kt. 420407-0330, braut gegn a.- lið skilmála í úthlutunarbréfi fyrir talsímanúmer, dags. 11. júlí 2007, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, með því að tilkynna til valdra aðila innan GSMA, að fastanetsnúmeraröðin 536 XXXX væri tekin til notkunar fyrir farsímaþjónustu.

IceCell ehf., kt. 420407-0330, hefur brotið gegn skilmála e.-liðar í úthlutunarbréfi farsímanúmera og f.-liðar um úthlutun talsímanúmera, dags. 11. júlí 2007, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, auk 3. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, með því að greiða ekki númeragjöld síðastliðin fjögur ár að upphæð samtals [...kr.]⁷.

Með vísan til 5. mgr. 73. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 eru öll númeraréttindi samkvæmt úthlutunarbréfi dags. 11. júlí 2007 afturkölluð, þ.e. farsímanúmeraraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX og talsímanúmeraröðin 536 XXXX, auk viðeigandi kóða.

⁷ Afmáð vegna trúnaðar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt ákvæði 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun, 15. september 2014

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson